

## AUGLÝSING

### um umferð í Seltjarnarnesbæ.

Skipulags- og umferðarnefnd og bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar hafa, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd Seltjarnarnesbæjar.

Að bílastæði fyrir utan fiskbúðina Vegamót á Nesvegi 100 verði gerð að skammtímabílastæðum, hámark 30 mínútur, milli kl. 8.00 og 18.00 á virkum dögum. Stæðin verða merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum þar sem það á við í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

*F.h. Seltjarnarnesbæjar, 28. júní 2022,*

**Brynjar Þór Jónasson**, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

---

B-deild – Útgáfudagur: 13. júlí 2022